

rétt samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að vist þessi skuli dregin frá refsingu hennar, 238 dagar.

Þá þykir ákærða samkvæmt 1. mgr. 23. gr. erfðalaga nr. 8/1962 hafa með verknaði sínum fyrirgert sjálfri sér til handa rétti til arfs eftir hinn látna eiginmann sinn, Sigfús Steingrímsson.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, en Jónatan Sveinsson saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Björg Benjamínsdóttir, sæti fangelsi 16 ár. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist hennar, 238 daga.

Ákærða hefur með verknaði sínum fyrirgert sjálfri sér til handa rétti til arfs eftir eiginmann sinn, Sigfús Steingrímsson.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Priðjudaginn 15. mars 1983.

Nr. 250/1980.

Svava Þórðardóttir

Sigurður Vilhjálmsson

Hilmir Vilhjálmsson og

Steinar Vilhjálmsson

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

og dómsmálaráðherra til réttarfæslu

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Stjórnsýsla. Yfirfjárráð. Skaðabótakröfu hafnað. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. desember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 þann 30. desember 1980. Áfrýjendur gera þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim 141.000.000 krónur (nýkr.) með 31% ársvöxtum frá 23. maí 1979 til 14. júní s. á., en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þeir krefjast og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í héraði, hafa fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 30. desember 1980.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda, en til vara, að kröfurnar verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Dómsmálaráðherra hefur verið stefnt fyrir Hæstarétt til réttargæslu, og hefur hann tekið undir síðastgreinda kröfugerð.

Áfrýjandinn Sigurður Vilhjálmsson varð fjárráða eftir uppsögu héraðsdóms og hefur sjálfur tekið við forræði á máli sínu fyrir Hæstarétti.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt og vitnamál verið háð á bæjarþingi Reykjavíkur, þar sem áfrýjandinn Svava og vitni hafa gefið skýrslur.

Misritun virðist það vera í hinum áfrýjaða dómi, að fjárhæð dómkröfu áfrýjenda hafi verið 14.100.000 krónur (gkr.). Var skráð í þingbók við munnlegan flutning málsins, að áfrýjendur krefjast 1.304.000 króna, sem mun þó hafa átt að vera 13.040.000 krónur (gkr.), eftir því sem fram kom í málflutningi fyrir Hæstarétti.

Skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til að hækka dómkröfuna fyrir Hæstarétti er ekki fullnægt.

Með dómi Hæstaréttar 18. janúar 1979 var dæmt, að bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 23. maí 1973 og 3. ágúst 1973 bæri einungis að skilja sem tilkynningu um, að frestað væri endanlegri afgreiðslu umsóknar áfrýjandans Svövu, uns ráðuneytinu bærust fyllri upplýsingar henni til skýringar. Það felst og í dóminum, að frestun á afgreiðslu erindisins hafi verið réttmæt, eins og atvikum var háttað, og hin endanlega ákvörðun ráðuneytisins 26. apríl 1974 hafi verið lögmæt stjórnarathöfn. Þau gögn, sem fram eru komin í þessu máli, leiða ekki til þess, að um nefnd atriði verði dæmt með

öðrum hætti en þá var gert. Verður því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, 12.000.00 krónur.

Rétt hefði verið að stefna dómsmálaráðherra til fyrirvars í máli þessu, svo sem sakarefni er háttað.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjenda, Svövu Þórðardóttur, Sigurðar Vilhjálmssonar, Hilmis Vilhjálmssonar og Steinars Vilhjálmssonar, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttalögmanns, 12.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda Hæstaréttar í þessu máli um það, að með dómi Hæstaréttar frá 18. janúar 1979 hafi verið um það dæmt, að ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 26. apríl 1974 hafi verið endanleg og lögmæt stjórnarathöfn. Ég hlýt einnig að fallast á það með meiri hluta dómenda, að með sama dómi Hæstaréttar hafi því verið slegið föstu, að afgreiðslur ráðuneytisins frá 23. maí 1973 og 3. ágúst sama ár hafi ekki verið endanlegar afgreiðslur málsins. Hins vegar get ég ekki fallist á það með meiri hluta dómenda, að leggja verði þann skilning í dóminn, að yfir 20 mánaða frestun á afgreiðslu hafi verið réttmæt vegna upplýsingaskorts af hálfu lögráðamanns. Í samningsdrögum og síðar kaupsamningi lágu fyrir allar upplýsingar um söluverð og greiðslukjör. Upplýsingar um fasteignamat liggja fyrir í opinberum skjölum, sem skrifstofa yfirfjárráðanda hefur í fórum sínum. Hafi skoðun hús-

næðisins verið nauðsynleg, bar ráðuneytinu að hlutast til um, að yfirfjárráðandi framkvæmdi hana eða léti framkvæma. Einu upplýsingarnar, sem ég get séð, að kynni að hafa vantað til þess, að æðsti stjórnandi fjárráða ómyndugra gæti tekið afstöðu til þessa máls, eru um það, hvað gera hafi átt við söluandvirðið. Um það atriði gat kaupandi eða lögmáður hans traudla veitt upplýsingar. Með þessi atriði í huga svo og tilgang ákvæða 32. gr.—30. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 get ég ekki lagt þann skilning í framangreindan dóm, að með honum hafi verið viðurkennt réttmæti hinnar lögmætu stjórnarathafnar frá 26. apríl 1974 eða að afgreiðslurnar frá 23. maí 1973 og 3. ágúst s. á. hafi verið réttmætar frestanir á afgreiðslu, uns ráðuneytinu bærust fyllri upplýsingar til skýringar.

Samkvæmt þessu tel ég marggreindan dóm Hæstaréttar frá 18. janúar 1979 ekki skjóta loku fyrir það, að í þessu máli verði dæmt um það, hvort hin lögmæta en umdeilda stjórnarathöfn, samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 26. apríl 1974, hafi verið réttmæt og til þess fallin að vernda þá hagsmuni, sem framangreindum ákvæðum lögræðislaga er ætlað að vernda, eða hvort þeir gallar séu á meðferð ráðuneytisins á málinu, að hagsmunir hinna ófjárráðu skjólstæðinga þess hafi verið bornir fyrir borð með þeim hætti, að bótaskýlt sé.

Í 33. gr. lögræðislaga koma fram meginsjónarmið, sem hafa á í huga við fjárráð ómyndugra, en ákvæðið er svohljóðandi:

„Lögráðamaður skal varðveita og ávaxta með trúmennsku og hagsýni það fé skjólstæðings síns, sem er í umráðum hans. Hann skal bæta skjólstæðing sínum tjón af lögráðamannsstörfum sínum, ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi.“

Til enn frekari tryggingar hagsmunum skjólstæðinga þessara manna eru ákvæði 36. gr. sömu laga um nauðsyn á samþykki yfirlögráðanda til vissra ráðstafana og að síðustu ákvæði 27. gr. um nauðsyn á samþykki dómsmálaráðuneytis til hinna þýðingarmestu hluta, svo sem kaupa, sölu og veðsetningar fasteigna og fleiri verðmæta. Öll ákvæði framangreindra lagagreina eru til þess sett, að gætt sé af opinberri hálfu með sem öruggustum hætti hagsmuna þessara einstaklinga, en efsta þrep þessarar öryggisgæslu er dóms- og kirkjumálaráðuneytið, svo sem að framan greinir.

Samþykkis yfirfjárráðanda var leitað 28. júlí 1972. Beiðni fylgdu

drög að kaupsamningi. Kaupsamningur var síðan gerður 26. september 1972 og hann undirritaður með fyrirvara um samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Var því gerður kaupsamningurinn kunnur, en samþykki þess hafði þá enn ekki fengist. Hinn 23. maí 1973 synjar ráðuneytið beiðni um samþykki til sölnnar, „eins og málið liggur nú fyrir“. Hinn 3. ágúst 1973 neitar ráðuneytið enn að samþykkja sölnu „að svo búnu“, en hinn 26. apríl 1974 samþykkir ráðuneytið sölnu, eftir að lögmaður kaupenda hafði gengið í málið.

Afgreiðsla yfirfjárráðamáls þessa dróst í yfir 20 mánuði í höndum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Af þess hálfu var dráttur réttlættur með því, að upplýsingar hefði skort frá fjárráðamanni. Að því hef ég vikið hér að framan. Eftir synjun ráðuneytisins í maí 1973 riftaði fjárráðamaður kaupsamningi vegna synjunarinnar. Miklar sviptingar voru í fjármálum og sérstaklega í verðlagningu fasteigna og greiðslukjörum á því tímabili, sem hér um ræðir, þ. e. júlí 1972 til apríl 1974.

Áfrýjendur gátu ekki fest kaup á öðru húsnæði vegna úlfakreppu þeirrar, sem þeir komust í vegna óvissu um afdrif kaupsamningsins frá 26. september 1972. Af þessu hlaust fjártjón.

Ég tel, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafi með drætti þeim, sem varð á afgreiðslu yfirfjárráðamáls þess, sem hér er fjallað um, og miðað við aðstæður í apríl 1974, óréttmætri breytingu á fyrri afgreiðslum, brugðist svo hinum ófjárráða skjólstæðingum sínum, Sigurði Hilmi og Steinari Vilhjálmssonum, að bótaskyld sé. Svo sem hér horfir við, var sameiganda þeirra, Svövu Þórðardóttur, einnig valdið tjóni. Tel ég því, að dæma beri stefnda til þess að greiða áfrýjendum bætur fyrir tjón það, sem þau urðu fyrir vegna greindra afgreiðsluhátta dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Þar sem meiri hluti dómenda Hæstaréttar í þessu máli hefur komist að þeirri niðurstöðu, að sýkna beri stefnda í málinu, þykir mér ekki nauðsynlegt, að ég tjái mig um efni bótaréttar áfrýjenda.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um málskostnað og gjaf-sóknarkostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. þ. m., hafa Svava Þórðardóttir,

Knarrarnesi, Gullbringusýslu, persónulega og fyrir hönd ófjárráða sonar, Sigurðar Vilhjálmssonar, sama stað, Hilmir Vilhjálmsson, Fálkagötu 10, og Steinar Vilhjálmsson, Kleppsvegi 18, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 23. maí, á hendur fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs. Stefnendur hafa stefnt dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins til réttargæslu.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs verði dæmdur til að greiða þeim kr. 14.100.000 með 31% ársvöxtum frá 23. maí 1979 til 14. júní s. á., en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið sé ekki gjafsóknarmál. Hinn 21. maí 1979 veitti dómsmálaráðherra stefnendum gjafsóknarleyfi í málinu.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra, en til vara, að fjárhæð stefnukröfunnar verði stórlega lækkuð og málskostnaður verði látinn falla niður.

Á hendur réttargæslustefnda eru ekki gerðar kröfur, og ekki gerir hann kröfur í málinu.

Málavextir eru þeir, að eftir andlát eiginmanns stefnandans Svövu urðu hún og synir þeirra, stefnendurnir Sigurður, Hilmir og Steinar, eigendur að íbúð þeirri, sem þau hjónin höfðu átt hér í borginni. Var eignarhluti hvers drengjanna í íbúðinni 1/12, en íbúðin varð að 3/4 hlutum í eigu Svövu. Svava og synir hennar munu hafa haft hug á að skipta um íbúð. Hinn 28. júlí 1972 ritaði lögmaður einn hér í borg yfirfjárráðandanum hér í borg og óskaði eftir samþykki fyrir sölu á eignarhlutum drengjanna í íbúðinni, en Svava hefði sjálf ákveðið að selja eignarhluta sinn í íbúðinni. Erindi þessu fylgdi afrit af væntanlegum samningi, þar sem greiðslukjör komu fram. Yfirfjárráðandinn sendi dómsmálaráðuneytinu erindi þetta 31. s. m.

Hinn 26. september 1972 var undirritaður samningur, þar sem Svava seldi eignarhluta sinn og fyrir hönd sona sinna eignarhluta þeirra í íbúðinni þeim Hólmsfríði Steinþórsdóttur og Ove Salmonsens, var kaupverðið ákveðið kr. 2.200.000 og skyldi greiðast þannig:

„2. Kaupverðið er kr. 2.200.000.00 — tvær milljónir tvö hundruð þúsund oo/100 krónur —, sem kaupendur skuldbinda sig til að greiða svo sem hér segir:		
a) Kaupendur greiða við undirskrift	Kr.	200.000.00
b) Kaupendur greiða 1. október n.k.	—	100.000.00
c) Kaupendur greiða 1. nóvember n.k.	—	50.000.00
d) kaupendur greiða 1. desember n.k.	—	50.000.00
e) Kaupendur taka að sér að greiða áhvílandi skuld við eftirl.sj. Landsb. Ísl. kr. 77.500.- og veðsk. við Bún.		
Ísl. kr. 270.000-	—	347.500.00

f) Kaupendur gefa út skuldabréf tryggt með veði í Kr. 1.453.500.00
 hinna seldu eign fyrir eftirst. Kr. 2.200.000.00

3. Skuldabréfin skv. f-lið 2. gr. samnings þessa skulu vera tvö samkv. nánari ákvörðun seljanda, og skulu þau greiðast með mánaðarlegum greiðslum kr. 50.000.00 þann 1. hvers mánaðar frá 1. janúar 1973, og skulu vextir vera hæstu löglegu vextir — 10% — og greiðast vextir mánaðarlega, og skulu þeir dregnir frá greiðslunni kr. 50.000.00, en afgangurinn verður þá afborgun. Afborganir þessar skulu þó niður falla í maí og nóvember ár hvert, eða þegar kaupendur greiða afborganir af skuldabréfi í Búnaðarbanka. Þegar afborganir falla niður, skulu vextir greiðast fyrir tvo mánuði við næstu greiðslu þar á eftir. Nú dregst að gefa út skuldabréf þetta, og er kaupendum engu að síður skylt að greiða fyrrgreindar mánaðargreiðslur kr. 50.000.00.“

Í 6. og 8. gr. samningsins eru svohljóðandi ákvæði:

„6. Kaupendur haldi kaupi sínu til laga, en seljandi svarar til vanheimildar. Kaupendum er kunnugt um það, að ófjárráða synir seljanda þrír að tölu eru eigendur að hinna seldu íbúð að 1/12 hver eða alls að 1/4 íbúðarinnar, og þarf seljandi því að fá leyfi yfirfjárráðanda til sölu íbúðarinnar að því leyti. Fyrirvari er því gerður af hálfu seljanda, þar til fyrrgreint leyfi liggur fyrir, og getur afsal því frestast af þeim sökum.“

8. Afsal fyrir hinna seldu eign verður útgefið samkvæmt nánara samkomulagi, en þó ekki síðar en um næstu áramót, sbr. þó 6. gr. samnings þessa. Skuldabréfin skv. f-lið 2. gr. og 3. gr. samnings þessa skulu þó gefin út, áður en afsal er gefið, ef seljandi óskar þess.“

Greiðslukjörum í samningnum hafði verið breytt frá því, sem var í upphaflegri gerð samningsins frá 28. júlí 1972 þannig, að auk útborgunar kr. 200.000 skyldi nú greiða kr. 200.000 á næstu þremur mánuðum, en fjárhæð veðskuldabréfs, sem gefa átti út, lækkaði um sömu fjárhæð.

Hinn 23. maí 1973 ritaði dómsmálaráðuneytið yfirfjárráðandanum bréf, þar sem vísað var til erindis, sem ráðuneytinu hafði borist varðandi sölu íbúðarinnar, en síðar segir þar svo:

„Ráðuneytið taldi þörf frekari upplýsinga um ráðstöfun þessa, m. a. sökum óvenju lágrar útborgunar, en engum fullnægjandi upplýsingum hefur verið komið á framfæri þrátt fyrir óskir ráðuneytisins þar að lútandi. Sér ráðuneytið ekki ástæðu til að draga afgreiðslu máls þess frekar á langinn og endursendir hér með gögn þau, er fylgdu með bréfi borgarfégeta-embættisins, ásamt ljósriti af kaupsamningnum frá 26. september s.l. Getur ráðuneytið ekki fallist á, að veitt verði leyfi til umræddrar ráðstöfunar, eins og málið liggur nú fyrir.“

Hinn 29. maí 1973 ritaði þáverandi lögmaður stefnenda kaupendum íbúðarinnar bréf, þar sem hann lýsti yfir, að stefnendur riftu kaupunum með vísan til fyrirvarans í kaupsamningnum og synjunar dómsmálaráðuneytisins.

Bréfi þessu svaraði lögmaður kaupenda 19. júní s. á. og mótmælti riftuninni, enda væri ekki um að ræða endanlega afgreiðslu dómsmálaráðuneytisins. Aðeins hefði verið neitað um samþykki að svo stöddu, þar sem umbeðnar upplýsingar hefðu ekki fengist og gæti vanræksla á því af hálfu seljenda ekki verið grundvöllur riftunar af þeirra hálfu.

Fram til þessa höfðu kaupendur innt af hendi greiðslur til að fullnægja ákvæðum kaupsamningsins, og þar sem veðskuldabréfin höfðu ekki verið gefin út, inntu þau einnig af hendi greiðslur samkvæmt 3. lið samningsins. Tók stefnandinn Svava við þeim greiðslum. Kaupendur greiddu nú fjárhæð þá, sem greiða átti í júnímánuði 1973 inn á geymslureikning í Landsbanka Íslands, og lét lögmaður þeirra fylgja bréfi sínu kvittun bankans fyrir þeirri greiðslu.

Hinn 21. júní s. á. ritaði lögmaður kaupenda dómsmálaráðuneytinu bréf og skýrði frá því, að mánuði eftir að umrædd íbúð var seld, hafi hann annast sölu á jafnstórri íbúð í sama húsi. Hefði söluverð hennar verið kr. 2.150.000 og útborgun kr. 1.200.000, sem dreifðist á eitt ár, en fast lán frá seljanda kr. 716.000 til 10 ára. Taldi lögmaðurinn, að kjörin við sölu íbúðar stefnenda hefðu verið mikið hagstæðari en kjörin við sölu þessarar íbúðar mánuði seinna. Þá hefðu viðsemjendur stefnenda verið látnir undirrita skuldabréf, enda þótt ekki væri hægt að gefa þeim afsal fyrir eigninni. Fór lögmaðurinn fram á, að ráðuneytið samþykkti sölu íbúðarinnar.

Erindi þessu svaraði dómsmálaráðuneytið með bréfi, dags. 3. ágúst 1973, svohljóðandi:

„Með vísan til bréfs yðar, dags. 21. júní 1973, varðandi athugasemd við úrskurð ráðuneytisins frá 23. maí 1973 um synjun á samþykki til sölu á fasteign ófjárráða unglínga tekur ráðuneytið fram, að ekki þykir að svo búnu máli unnt að breyta fyrri úrskurði ráðuneytisins um það efni.“

Lögmaður viðsemjenda stefnenda ritaði dómsmálaráðuneytinu að nýju 23. apríl 1974 og kvað kaupendur íbúðarinnar reiðubúna til að greiða við afsal það, sem vantaði á, að hlutur hinna ólöggráða aðilja væri að fullu greiddur.

Í bréfi dómsmálaráðuneytisins til yfirfjárráðanda 26. apríl 1974 er gerð grein fyrir erindi stefnenda frá 31. júlí 1972, en síðan segir svo:

„Ráðuneytið taldi þörf frekari upplýsinga um þessa ráðstöfun, m. a. sökum óvenju lágrar útborgunar, en þar eð fullnægjandi upplýsingum var eigi komið á framfæri þrátt fyrir óskir ráðuneytisins þar að lútandi, var erindi endursent borgarfégetaembættinu með bréfi, dags. 23. maí 1973, og

jafnframt tekið fram, að ráðuneytið gæti ekki fallist á, að veitt yrði leyfi til umræddrar ráðstöfunar, eins og málið lægi fyrir.

Frekari skýringum og gögnum hefur nú verið komið á framfæri við ráðuneytið vegna máls þessa, og með bréfi, dags. 23. apríl s.l., hefur Ólafur Þorgrímsson, hrl., f.h. kaupenda lýst því yfir, að þeir séu reiðubúnir til að greiða við afsal að fullu hlut hinna ólögráðu í ofangreindri íbúð. Að svo vöxnu máli getur ráðuneytið fallist á, að heimild verði veitt til sölu íbúðarinnar nr. E á 7. hæð hússins nr. 4 við Hátún í Reykjavík með þeim skilmálum og fyrir það verð, er greinir í kaupsamningi aðilja frá 26. september 1972, þó þannig að eignarhluti hinna ólögráðu verði að fullu greiddur við útgáfu afsals og þeir fjármunir verði síðan ávaxtaðir með sem tryggustum og hagkvæmustum hætti.“

Kaupendur inntu nú af hendi til lögmanns síns greiðslur þær, sem þeim var ætlað að greiða samkvæmt kaupsamningnum, að öðru leyti en því, að afboganir af veðskuldum, sem hvíldu á íbúðinni, greiddu þau í viðkomandi lánastofnun.

Með stefnu, dags. 17. desember 1976, höfðu kaupendur íbúðarinnar, Hólmfríður Steinþórsdóttir og Ove Salmonsén, mál á hendur seljendunum, stefnendum máls þess, sem hér er til úrlausnar, til að efna samning þeirra. Seljendurnir höfðu hins vegar gagnsök til riftunar á samningnum. Dómur gekk á bæjarþingi Reykjavíkur á þann veg, að riftunarkrafan var tekin til greina. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar, og gekk dómur hans 18. janúar 1979. Þar varð niðurstaða málsins sú, að riftunarkröfunni var hafnað og seljendunum, þ. e. Svövu Þórðardóttur og sonum hennar, var gert að efna samninginn um sölu íbúðarinnar. Einn dómari skilaði sér- atkvæði. Er dómur þessi í dómasafni Hæstaréttar, bindi L, bls. 32.

Svava Þórðardóttir og synir hennar hafa nú höfðað mál það, sem her er til úrlausnar, til heimtu skaðabóta úr hendi ríkisvaldsins fyrir tjón það, sem þau telja sig hafa beðið vegna afskipta starfsmanna þess af sölu íbúðarinnar.

Er því haldið fram af hálfu stefnenda, að það hafi verið mistök starfsmanna dómsmálaráðuneytisins að veita samþykki sitt til sölu íbúðarinnar 26. apríl 1974, en einnig hafa orðið mistök við meðferð málsins í dómsmálaráðuneytinu. Hafi það verið mistök starfsmanna ráðuneytisins að óska ekki þegar í stað eftir frekari upplýsingum, ef þess var þörf. Raunverulega hafi þó verið búið að veita starfsmönnum ráðuneytisins allar upplýsingar, sem unnt var. Hafi Svava og synir hennar mátt ætla, að málið hefði verið afgreitt endanlega með bréfi ráðuneytisins frá 23. maí 1973. Er dómsmálaráðuneytið svo veitti samþykki til sölu íbúðarinnar, hafi það verið algerlega andstætt hagsmunum hinna ófjárráða drengja. Hafi þá ekki verið gengið út skugga um, að hagsmunir þeirra væru tryggðir við afgreiðslu málsins.

Hafi þá greiðsla sú, sem átti að koma fyrir eignarhluta drengjanna, rýrnað að verðgildi. Hafi þeim því verið gert að afsala íbúðinni og fá í staðinn óverulega fjárhæð, en þá hafi mæðginin verið búin að missa af íbúð þeirri, sem þau ætluðu að kaupa. Á árinu 1973 og eftir það hafi orðið verulegar hækkanir á verði íbúða vega aukinnar eftirspurnar, sem varð við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum í byrjun þess árs. Er því haldið fram, að það hafi verið embættisafglöp starfsmanna dómsmálaráðuneytisins að veita skyndilega leyfi til sölu íbúðarinnar í aprílmánuði 1974 án þess að gera stefnandanum Svövu viðvart, en hún hafi algerlega verið mótfallin því, að salan væri leyfð. Hafi upplýsingar lögmanns kaupenda, sem sú ákvörðun var byggð á, verið órökstuddar og hafi samningur sá, sem hann hafi vitnað til, aldrei legið fyrir dómsmálaráðuneytinu. Beri ríkisvaldið fébótaábyrgð á þessum mistökum starfsmanna dómsmálaráðuneytisins. Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að þótt elsti sonurinn hafi verið orðinn fjárráða, er samningurinn var gerður um íbúðina 1972, þá séu hagsmunir hans og stefnandans Svövu svo nátengdir hagsmunum hinna drengjanna, að þeir verði ekki aðskildir. Eigi því allir aðiljar málsins skaðabótakröfu á hendur stefnda. Af hálfu stefnenda er því sérstaklega haldið fram, að í máli því, sem áður var rekið út af kaupunum, hafi eingöngu verið fjallað um efndir kaupsamningsins eða riftun, en þar hafi á engan hátt verið fjallað um grundvöll stefnandans Svövu og sona hennar til heimtu skaðabóta úr hendi ríkisvaldsins. Því sé dómari í máli því, sem hér er til úrlausnar óbundinn af dómi Hæstaréttar í fyrra málinu.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að meðferð sú, sem mál stefnenda fékk í dómsmálaráðuneytinu á árunum 1972—1974, baki ríkissjóði ekki bótaskyldu, enda hafi fyllstu varúðar verið gætt við gæslu hagsmuna ófjárráða sona Svövu Þórðardóttur á því árabili. Upplýsingaskylda gagnvart ráðuneytinu hafi hins vegar verið stórlega vanrækt af hálfu stefnenda og hafi fyrirsvarsmönnum stefnenda mátt vera ljóst, hverja málsmeðferð erindi stefnenda hlaut allan þennan tíma. Hafi ráðuneytið veitt samþykki sitt til sölunnar, er kaupendur íbúðarinnar hafi boðið fram fulla greiðslu á hluta hinna ófjárráða barna við útgáfu afsals, en áður en málið hlaut afgreiðslu í ráðuneytinu, hafi starfsmaður sá, sem það annaðist, rætt við stefnandann Svövu og hún fengið að tjá sig um málið. Með dómi Hæstaréttar í hinu fyrra máli hafi því verið hafnað, að starfsmenn dómsmálaráðuneytisins hafi með saknæmum hætti valdi Svövu og sonum hennar fjárhagstjóni með afskiptum sínum af sölu íbúðar þeirra. Sé sú niðurstaða endanleg og bindandi um þátt dómsmálaráðuneytisins. Geti því ekki verið um að ræða neina fébótaábyrgð ráðuneytisins í máli því, sem hér er til úrlausnar. Af hálfu stefnda er fjárhæð dómkröfu stefnenda mótmælt sem allt of

hárri, enda geti matsgerð sú, sem kröfugerðin er byggð á, ekki verið réttur grundvöllur bóta, sem stefnendur kunni að hafa beðið.

Að beiðni stefnenda voru dómkvaddir matsmenn á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 30. maí 1979 til að meta:

„1. Söluverðmæti íbúðar á 7. hæð að Hátúni 4, sem Svava Þórðardóttir o. fl. áttu, en er nú eign Hólmfríðar Steinhórsdóttur o. fl.“

2. Verðmæti í dag á útborgunum, sem reiddar voru af hendi af hálfu Hólmfríðar til frú Svövu Þórðardóttur, sem hér segir: 1.10. 1972 kr. 100.000.- og kr. 50.000.- greiddar á eftirtöldum dögum: 13. okt. og 16. des. 1972, 4. jan., 2. feb., 1. mars og 5. apríl 1973 eða alls kr. 300.000.-. Ennfremur skuldayfirtaka að fjárhæð kr. 77.500.- við Eftirlaunasjóð Landsbankans og skuldir við Búnaðarbankann að eftirstöðum kr. 270.000.- eða alls kr. 347.500.- pr. 1. okt. 1972. Skulu þessar fjárhæðir metnar til verðs sem þær væru í dag, svo og kr. 1.411.107.- sem voru greiddar í maí 1979.“

Í matsgerð matsmanna, Einars Sigurðssonar hæstaréttarlögmans og Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 3. desember 1979, segir svo um grundvöll matsins og niðurstöðu:

„Íbúð þessi er um 20 ára gömul 3 herbergi, eldhús, forstofa og baðherbergi og ytri forstofa ásamt stigahúsi og lyftu. Reiknast matsmönnnum hún 90 m² að grunnfleti auk sameignar í kjallara. Nýting mjög góð. Ástand séreignar gott miðað við það, að endurnýjun virðist ekki vera um að ræða á innréttingum öðrum en baðherbergi, sem er allt nýuppgert með steypibaði. Ástand sameignar einnig ágætt. Undantekning frá þessu eru þó gluggar, sem hafa látið nokkuð á sjá, án þess að matsmenn gætu þó séð merki um fúa í þeim. Gler er „mixað“ tvöfalt, nokkuð farið að óhreinast milli glerja, en ísett innanfrá. Gólfteppi er slitíð. Lóð er í góðu ástandi með slitlagi á bilastæðum.“

Matsmenn telja verðmæti íbúðarinnar kr. 23.000.000.- miðað við staðgreiðslu á matsdegi, og er þá átt við, að allt verðið sé greitt í einni greiðslu þann dag.

Greiðslur þær, sem taldar eru að framan, þ. e. útborgun samtals kr. 400.000 á tímabilinu okt. 1972—apríl 1973, skuldayfirtaka kr. 347.500, og peningagreiðsla kr. 1.411.107 í maí 1979, telja matsmenn, að jafngildi kr. 8.900.000 á matsdegi.“

Í framhaldsmatsgerð matsmannanna, dags. 1. apríl 1980, segir svo: „Í framhaldi af matsgjörð okkar, dags. 3. desember 1979, vegna sölu á íbúð að Hátúni 4, Reykjavík, hefur okkur borist bréf matsbeiðanda, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar, hrl., dags. 26. mars 1980, þar sem við erum beðnir um að meta að nýju geiðslur þær, sem fyrir íbúðina koma, vegna mistaka

í fyrri matsbeiðni svo og að meta íbúðina sjálfa, allt miðað við verðlag 1. apríl 1980.

Niðurstaða okkar er þessi:

Verðmæti íbúðarinnar teljum við kr. 25.000.000 miðað við staðgreiðslu 1. apríl 1980.

Greiðslur, sem fyrir íbúðina komu, þ. e. kr. 600.000 á tímabilinu september 1972—apríl 1973, skuldayfirtaka kr. 270.000 og peningagreiðsla í maí 1979 kr. 1.407.111, teljum við jafngilda kr. 11.960.000 þann 1. apríl 1980.“

Hér fyrir dómi hefur stefnandinn Svava skýrt svo frá, að hún hafi í samráði við fyrrverandi lögmann sinn farið í dómsmálaráðuneytið oftast en einu sinni, vegna þess að óskað hafi verið frekari skýringa. Hafi hún þá meðal annars rætt við ráðuneytisstjórnann og Friðrik Ólafsson. Hún hafi gefið þá skýringu á sölu íbúðarinnar, að hún ætlaði að kaupa aðra stærri íbúð, sem verið hafi í húsi við Háleitisbraut. Hafi það verið strax eftir að samningurinn við Hólmfríði og Ove var undirritaður sem hún sneri sér til ráðuneytisins, því það hafi verið um sama leyti sem hún hafi átt kost á að kaupa þessa íbúð. Hafi kjörin verið svo góð, að hún hafi alveg ráðið við kaupin með því að selja íbúðina með þeim kjörum, sem samið hafði verið um við Hólmfríði og Ove. Hafi legið á að fá svar ráðuneytisins, til þess að hún gæti keypt þá íbúð. Hún hafi átt kost á að kaupa þessa íbúð í stuttan tíma á árinu 1972, en á árinu 1973 hafi það tækifæri verið gengið henni úr greipum. Hún kveður lögmann sinn hafa talið, að með þessum viðræðum við starfsmenn dómsmálaráðuneytisins hafi verið fullnægt óskum ráðuneytisins um frekari upplýsingar. Synjun ráðuneytisins hafi komið svo fljótt, að hún hafi orðið að hætta við kaupin. Síðan hafi það gerst, að íbúðir hafi hækkað mjög í verði eftir Vestmannaeyjagosið og einnig hafi gildi peninga rýrnað. Sökum þessa og af ástæðum þeim, sem fram hafi komið í málinu, hafi hún og synir hennar ekki haft nein tök á að kaupa aðra íbúð. Er svo var komið, hafi hún í viðræðum sínum við starfsmenn ráðuneytisins óskað eftir því, að þau mæðginin fengju íbúðina aftur, og hafi hún talið, að svo yrði. Svava kveður starfsmenn dómsmálaráðuneytisins ekki hafa haft neitt samband við sig, er lögmaður þeirra Hólmfríðar og Ove skrifaði ráðuneytinu og fór fram á, að leyfi yrði veitt til sölnunnar. Kveður hún afstöðu ráðuneytisins hafa komið sér alveg á óvart eftir allar þær viðræður, sem hún hafi átt við starfsmenn ráðuneytisins. Svava kveður það aldrei hafa verið hugmynd sína að selja eignarhluta sinn í íbúðinni frá eignarhluta hinna ófjárráða sona, því að þau hafi sameiginlega ætlað að kaupa aðra íbúð. Hún kveður syni sína hafa lent í miklum húsnæðisvandræðum og orðið fyrir miklu tjóni af þeim sökum.

Baldur Möller, ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu, hefur skýrt svo frá, að Friðrik Ólafsson, sem þá var fulltrúi í ráðuneytinu, hafi nánast haft

öll samskipti við aðiljana út af máli þessu, en stefnandinn Svava muni hafa rætt við sig einnig. Þeir Friðrik muni hafa rætt saman um málið. Kveðst Baldur hafa vitað, hvaða vandi var við úrlausn málsins. Eftir að málaferli hófust, muni Svava hafa talað við hann á ný. Kveðst Baldur telja, að óvenjulangur tími hafi liðið frá því erindi stefnenda barst ráðuneytinu og þar til samþykki þess var veitt.

Þorsteinn Thorarensen, yfirlögráðandi í Reykjavík, kveðst hafa haft tíð afskipti af máli stefnenda. Hann hafi í upphafi skrifað dómsmálaráðuneytinu og lagt fyrir erindi þeirra, er óskað var eftir samþykki til sölu íbúðarinnar. Hafi liðið mjög langur tími, þar til svar barst og erindinu var hafnað. Það hafi svo verið löngu seinna sem ráðuneytið hafi veitt samþykki sitt. Þorsteinn kveður dómsmálaráðuneytið samþykkja langflestar sölur á fasteignum ólögráða. Það komi fyrir, að ráðuneytið telji sig þurfa frekari skýringar á því, sem um er beðið. Yfirlögráðandinn afli þeirra upplýsinga og síðan sé málið sent ráðuneytinu aftur. Sé þá afar sjaldgæft, að slíkum erindum sé synjað. Sé algerlega einstakt, að svo langur tími liði, þar til svar við erindi berst, og síðan liði svo langur tími, uns endanleg afgreiðsla liggur fyrir eins og hér. Kveðst hann ekki minnst dæmi þess, að ráðuneytið hafi synjað um samþykki til sölu fasteignar ófjárráða aðilja og síðan hafi kaupum verið rift.

Jón Hauksson, fyrrverandi fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu, hefur skýrt svo frá, að stefnandinn Svava og Einar Ólafsson hafi komið og rætt við sig. Hafi erindi þeirra verið að ræða málið. Hann kveðst þá ekki hafa unnið áður við málið. Hann hafi sótt skjöl málsins og hafi þau skoðað þau. Meðal skjala málsins hafi verið tvö bréf, sem starfsmenn ráðuneytisins hafi áður skrifað. Jón kveður erindi þeirra Svövu og Einars hafa verið að ræða við sig um það, hvort hann teldi afgreiðslu ráðuneytisins endanlega. Hann hafi sagt þeim, að hann gæti ekki sagt þeim það alveg þá, en sinn skilningur væri frekar sá, að þetta væri ekki endanleg afgreiðsla. Jón kveðst telja sig mega fullyrða, að hann hafi aldrei gefið til kynna, að sú ákvörðun yrði tekin, að Svava og synir hennar fengju íbúðina aftur. Muni ummæli sín hafa verið þau, að hann gæti ekki fullyrt um endanlega niðurstöðu málsins. Til þyrftu að koma frekari upplýsingar og það færi eftir þeim, hver endanleg niðurstaða yrði. Jón kveður sig minna, að hann hafi skoðað samning þann, sem Ólafur Þorgrímsson hafi vitnað til í bréfi sínu, en hann geti ekki sagt um það, hvort hann hafi tekið mark á fullyrðingum Ólafs. Ekki kveðst Jón geta sagt um það nú, hver þau nýju gögn voru, sem vitnað er til í bréfi ráðuneytisins frá 26. apríl 1974 til yfirlögráðandans í Reykjavík. Jón kveðst telja, að töluverðar hækkanir hafi orðið á verði íbúða í Reykjavík, frá því kaupsamningurinn var gerður og fram til ársins 1974. Hann kveður sig minna, að hann hafi reiknað hlut hinna ófjárráða drengja í

kaupverðinu. Kveðst hann halda, að stefnandanum Svövu hafi ekki verið tilkynnt, að ráðuneytið mundi veita samþykki sitt til sölu íbúðarinnar.

Samkvæmt eðli málsins fólst í samningsgerð stefnenda við þau Hólmfriði og Ove, að gert væri ráð fyrir, að samningurinn yrði efndur af báðum aðiljum. Samningurinn var undirritaður í endanlegri mynd sinni 26. september 1972, en í frumgerð lá samningurinn fyrir 28. júlí sama ár. Verður að leggja til grundvallar, að stefnandinn Svava hafi talið endanleg samningskjör viðunandi fyrir sig og syni sína, en hún kveður þau mæðginin hafa ætlað að kaupa stærri íbúð, sem þau hafi átt kost á að kaupa í stuttan tíma á árinu 1972.

Í máli því, sem þau Hólmfriður og Ove höfðuðu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnendum máls þessa, var yfirfjárráðandanum í Reykjavík og dómismálaráðherra f. h. dómismálaráðuneytis stefnt til réttargæslu, og er dóm bæjarþingins var áfrýjað, var áfrýjunarstefna einnig birt á hendur þessum aðiljum. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir dómi Hæstaréttar í því máli. Þykir verða að leggja til grundvallar, að í máli því, sem hér er til urlausnar, sé bindandi fyrir stefnendur það atriði í greindum dómi Hæstaréttar, að samningsaðiljar hafi gert ráð fyrir, að öflun leyfis dómismálaráðuneytisins gæti tekið nokkurn tíma og að fresta þyrfti útgáfu afsals af þeim sökum. Einnig verður að telja bindandi fyrir stefnendur það atriði í dómi Hæstaréttar, að bréf dómismálaráðuneytisins frá 23. maí 1973 og 3. ágúst 1973 hafi ekki haft að geyma endanlega synjum við beiðni um samþykki til sölu eignarhluta ófjárráða sona stefnandans Svövu í íbúðinni. Hafi verið um að ræða, að endanlegri afgreiðslu málsins væri frestað og það yrði tekið til nýrrar ákvörðunar, ef frekari skýringar eða upplýsingar bærust. Þá verður einnig að telja bindandi þau atriði í greindum dómi Hæstaréttar, að Hólmfriði og Ove hafi verið rétt að leita til dómismálaráðuneytisins og freista þess að skýra mál sitt í því skyni, að samþykki fengist. Er ekki annað fram komið en að þau Hólmfriður og Ove hafi efnt samninginn.

Þegar framangreind atriði eru virt, þykir ekki sannað, að meðferð máls hinna ófjárráða sona stefnandans Svövu í dómismálaráðuneytinu hafi valdið því, að þau urðu af kaupum á annarri íbúð á árinu 1972. Þá þykir heldur ekki leitt í ljós, að tjón, sem stefnendur kunna að hafa orðið fyrir vegna breytinga á verðlagi fasteigna eftir það, verði rakið til bótaskyldra afskipta starfsmanna dómismálaráðuneytisins af málinu.

Verður stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs því sýknaður af kröfum stefnenda í málinu.

Málaskostnaður fellur niður. Kostnaður stefnenda af rekstri málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra,

Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.000, og útlagður kostnaður samkvæmt framlögðum reikningum, kr. 346.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Svövu Þórðardóttur persónulega og fyrir hönd ófjárráðsóna, Sigurðar Vilhjálmssonar, Hilmis Vilhjálmssonar og Steinars Vilhjálmssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Kostnaður stefnenda við rekstur máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.000, og útlagður kostnaður samkvæmt framlögðum reikningum, kr. 346.000.

Fimmtudaginn 17. mars 1983.

Nr. 208/1981. **Kristinn Sveinsson**

(Barði Friðriksson hrl.)

gegn

Guðjóni Jóhannssyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Vinnusamningur. Veikindadagar. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 12. febrúar 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. febrúar s. á. Útivist varð af hans hálfu á dómþingi 2. október s. á., og féll málssóknin þá niður. Hann áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 6. október s. m., sbr. 36. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefnda gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.